

Nd. **380. Frumvarp til laga** [192. mál]
um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Flm : Gunnlaugur Finnsson, Ólafur G. Einarsson, Magnús T. Ólafsson,
Páll Pétursson.

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna hljóði svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram fyrsta laugardag júní-
mánaðar.

2. gr.

Í stað 1. mgr. 20. gr. laganna komi tvær mgr., sem hljóði svo:

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur
varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa
sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn.
Þegar kosning er óbundin skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru.
Kjósa skal aðalmenn og varamenn á sama kjörseðli, sem er tvískiptur, þannig að
tilgreindur er fjöldi aðalmanna sérstaklega og síðan sami fjöldi varamanna. Þeir

eru kjörnir aðalmenn í hreppsnefnd sem flest atkvæði fá í sæti aðalmanna. 1. varamaður er sá kosinn er flest atkvæði hlýtur í 1. sæti á lista yfir varamenn, að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann fækk á lista yfir aðalmenn, hafi hann ekki náð kosningu sem aðalmaður. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti á lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut á lista aðalmanna og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt, uns fyllt er í sæti þau, sem kjósa skal í.

Nú er sýslunefndarmaður og varamaður hans kosnir óbundinni kosningu og gilda þá sömu ákvæði um kosningu þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir tvenns konar breytingum á sveitarstjórnarlögum, hvorum tveggja að því er varðar kosningar til sveitarstjórnar.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að kjördagur verði einn og hinn sami um land allt þegar sveitarstjórnarkosningar fara fram.

Líta verður svo á, að tveir kjördagar með sem næst mánaðar millibili séu leifar af úreltu skipulagi. Þegar lögbundinn kjördagur í þéttbýlissveitarfélögum var færður frá síðasta sunnudegi í janúar til síðasta sunnudags í maí, sem ekki er hvítasunnudagur, þótti ekki rétt að stíga skrefið til fulls. Sennilega hafa vorannir í sveitum, einkum vegna sauðburðar, valdið því, enda getur kjördagur samkvæmt gildandi reglum verið hvenær sem er á tímabilinu frá 18. maí (ef hvítasunnudag ber upp á 25. maí) til mánaðarloka.

Hér er lagt til að horfið verði frá þeirri hefð að kjósa á sunnudegi. Laugardagur er nú orðinn almennt frídagur og ekki afgerandi stærri sá hópur sem bundinn er vegna starfs síns á laugardegi en sunnudegi. Ætla má, að hinn stóri hópur kjörstjórnarmanna og annarra starfsmanna við kosningar, og ekki síður mikill þorri almennings, sem vakir eftir kosningaúrslitum, geti mætt betur hvíldur til starfs síns á mánudagsmorgni en ella, ef þessi háttur verður upp tekinn.

Í öðru lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á framkvæmd óhlutbundinna kosninga. Óbundið persónukjör á sér enn víða stað í strjábýlishreppum og er ekki ástæða til að leggja það niður að svo stöddu, þótt frá því hafi verið horfið í nálægum löndum.

Lagaákvæði nú heimila tvenns konar framkvæmd:

Annars vegar að kosnir eru helmingi fleiri fulltrúar en kjósa skal á einum lista, og eru þeir rétt kjörnir aðalmenn sem flest fá atkvæði þar til fyllt eru sæti aðalmanna, en varamenn verða jafnmargir, eftir því sem atkvæði hafa fallið. Gallinn við þessa framkvæmd er augljós og ekki rakinn ítarlega hér, þó aðeins bent á þá staðreynd, að þeir gætu náð kjöri sem aðalmenn sem ekki hafa til þess raunverulegt kjörfylgi, enda þótt þeir hafi kjörfylgi til að taka sæti varamanns. Þessi aðferð mun enda vera framkvæmd á tiltölulega fáum stöðum.

Hin aðferðin, að kjósa aðalmenn sér og síðan varamenn, krefst tveggja kjörfunda og leiðir víðast til þess, að kjördagur verða tveir.

Er raunar vart hægt að sjá að fullt samræmi sé milli ákvæðanna um kjörfundi í kosningalögum til Alþingis, sem gilda einnig í sveitarstjórnarkosningum, og ákvæðanna í sveitarstjórnarlögunum og lögum um sveitarstjórnarkosningar hins vegar.

Sú leið, sem lagt er til í frv. að farin verði, ætti að gera kleift að kjósa aðalmenn og varamenn á sama kjörfundi og tryggja að ekki verði aðrir kosnir aðalmenn en þeir, sem til þess hafa kjörfylgi, en þeim nýtist atkvæðin til kjörs varamanna, sem fá atkv. á lista aðalmanna, ná þeir ekki kjöri sem slíkir.